

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 18. maí 2018 var haldinn 288. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir og Theódór Kristjánsson varamaður. Fjarverandi: Sverrir Óskarsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfi
2. Umhverfismál
3. Næturakstur
4. Mælaborð Strætó
5. Vagnakaup
6. Hvað má fara í vagninn
7. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
8. Önnur mál
  - a. Bókun frá hverfisráði Grafarholts og Árbæjar.
  - b. Áskorun frá vinnustöðum í Hálsahverfi um bættar strætósamgöngur á svæðinu.
  - c. Erindi frá bæjarfulltrúa í Garðabæ vegna akstursútboðs 2015.
  - d. Erindi frá hverfisráði Hlíða, Laugardals og Háaleitis.

### Þetta gerðist:

1. Leiðakerfi  
Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að breytingum á leiðakerfi vegna framkvæmda við Landspítalann við Hringbraut.  
Samþykkt að senda tillögurnar til umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar til umsagnar áður en þær verða afgreiddar af stjórn.
2. Umhverfismál  
Bergný Sævarsdóttir, gæða og verkefnastjóri Strætó, fór yfir markmið Strætó í umhverfis- og öryggismálum árið 2018.
3. Næturakstur  
Drög að mælaborði lagt fram, kynntur fjárhagsleg niðurstaða tilraunaverkefnis um næturakstri Strætó fyrstu þrjú mánuði ársins 2018.
4. Mælaborð Strætó  
Lagt fram yfirlit yfir helstu lykilstærðir fyrstu fjóra mánuði ársins í rekstri Strætó.
5. Vagnakaup  
Umræður um uppgjör á tafabótum vegna seinkunar á afhendingu rafvagna í samræmi við ákvæði 0.4.3 í Örutboðsgögnum nr. II frá maí 2018, þar sem fram kemur að söluaðili skuli greiða kaupanda tafabætur ef vagnar eru ekki afhentir samkvæmt ákvæði í kaupsamningi.
6. Hvað má fara í vagninn  
Ákveðið að stjórnendur upplýsi vagnstjóra betur um hvað má fara í vagninn, sérstaklega sé áréttað að farþegar megi taka með sér drykki í lokuðum málum/umbúðum í vagninn.
7. Akstursþjónusta fatlaðs fólks  
Umræður um akstursþjónustu fatlaðs fólks og vinnu starfshóps á vegum samráðshóps velferðarsviða sveitarfélaganna til undirbúnings, umræðu og ákvörðunartöku um framhald á samstarfi um sameiginlega akstursþjónustu fyrir fatlað fólk höfuðborgarsvæðinu að lokum núverandi aksturssamningum vegna þjónustunnar.

8. Önnur mál
- Bókun frá hverfisráði Grafarholts og Árbæjar lögð fram.
  - Lögð fram áskorun frá vinnustöðum í Hálsahverfi um bættar strætósamgöngur á svæðinu. Samþykkt að senda erindið til umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur til umsagnar.
  - Erindi bæjarfulltrúa í Garðabæ vegna akstursútboðs 2015. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.
  - Erindi frá hverfisráði Hlíða, Laugardals og Háaleitis. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu i samræmi við umræður á fundinum.

**Fleira var ekki tekið fyrir.  
Fundu slitið: kl. 13:00**

Heiða Björg Hilmisdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason  
Theódór Kristjánsson

**Fylgiskjöl:**

- Mæliborð janúar- apríl 2018
- Leiðakerfi, breyting vegna framkvæmda við Landspítalann við Hringbraut, 17. maí 2018
- Áskorun um bættar almenningssamgöngur á Hálssum, 2. maí 2018
- Bókun frá hverfisráði Árbæjar og Grafarholts, 11. maí 2018
- Erindi frá bæjarfulltrúa í Garðabæ, 3. maí 2018
- Erindi frá hverfisráði Háaleiti/Bústöðum, Laugardal og Hlíðum, 9. maí 2018